

Nordic Fish Leather ehf.
Hlynur Ársælsson
Borgarmýri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 12. júní 2020
UST202003-050/gf
08.09.02

Varðar vettvangsferð (eftirlit) í sútunarverksmiðju Nordic Fish Leather ehf. 2020

Þann 12.5.2020 sl. fór fram eftirlit í sútunarverksmiðju Nordic Fish Leather ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en fjórar ábendingar voru settar fram. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Virðingarfyllst,



Gottskálf Friðgeirsson



Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantic Leather - Nordic Fish Leather Sauðárkrúkur



Dags eftirlits	12.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Atlantic Leather - Nordic Fish Leather	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Borgarmýri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5801952069	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Ársælsson	ÍSAT nr.	15.11.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti en fjórar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Hlynur Ársælsson fulltrúi rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun tóku fund saman en að honum loknum gengum við um verksmiðjuna með starfsmönnum við sútun og viðhaldi tækja.

Dagskrá:

1. Starfsleyfið - nýr rekstraraðili – kennitölubreyting
2. Tengiliður við Umhverfisstofnun
3. Stærð og umfang rekstursins –BAT kröfur
4. Ólokin mál – frávik og athugasemdir út eftirlitsskýrslum síðustu ára
 - a. Mælingar á losun í fráveitu
 - b. Mælingar á hávaði
 - c. Úrgangur og spilliefni
 - d. Skráningar / skýrslur og tilkynningar til opinberra aðila
 - e. Bilanir í tækjabúnaði / kvartanir
 - f. Áætlun um frágang og viðbragðsáætlun
5. Áhættumat til ákvörðunar um tíðni eftirlita
6. Umhverfismarkmið

1. Nýr rekstraraðili hefur tekið við sútunarverksmiðjunni, keypti hana af þrotabúi Atlantic Leather II ehf. og hyggst reka hana að Borgarmýri 5 áfram. Einungis verður um sútun á fiskroði að ræða. Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og gildir til 2029. Umhverfisstofnun tók við eftirliti með starfsemiinni með tilkomu reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnareftirlit. Fyrirtækið fellur undir viðauka 9 í reglugerðinni um atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi, sútun með vinnslugetu allt að 12 tonnum af fullunninni vöru á dag. Sjá lið 7 í viðauka 9.

Nýr rekstraraðili, Nordic Fish Leather hefur sótt um kennitölubreytingu á starfsleyfinu.

2. Eins og með önnur fyrirtæki sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi var þess óskað að rekstraraðili tilnefndi tengilið fyrirtækisins við stofnunina. Tengiliður skal bera ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við stofnunina, sjá til þess að tilskildar mælingar séu gerðar, vinna skýrslur sem krafist er og að umhverfisupplýsingar berist stofnuninni. Eins að koma upplýsingum og tilkynningum sem starfsleyfið áskilur á framfæri á tölvupóstfangið ust@ust.is.

3. Nýleg yfirtaka og uppstokkun í fyrirtækinu hefur orðið til þess að nú verður allri sútun á húðum hætt og einungis sútað roð af sjálfberum tegundum fiska. Reksturinn er enn ekki kominn á fullan skrið en fulltrúi rekstraraðila taldi engar líkur á að framleiðsla á fullunninni vöru færi yfir 12 tonn á dag þótt unnið væri á fullum afköstum. Því er ljóst að kröfur í BAT niðurstöðum sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út árið 2013 um bestu aðgengilega tækni vegna losunar frá iðnaði vegna sútunar á húðum og skinum nær ekki yfir rekstur sútunarverksmiðjunnar. Skýrslan gefur samt góða yfirsýn yfir möguleika rekstraraðila til þess að hagræða og bæta umhverfisstjórnun og nýtingu í verksmiðjunni.

4. Í eftirlitsskýrslum síðustu ára koma fram frávik og ábendingar sem rekstraraðili hefur bætt úr. Kröfur í „almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi“ sem gefin voru út með auglýsingu nr. 582/2000 og tiltekin eru í starfsleyfinu sem megin umhverfiskröfur til rekstraraðila.

5. Farið var yfir hreinsivirki fyrirtækisins í fráveitu og útblæstri.

a. Hreistursíur eru við sútunartromlur í votryminu (svæði 1). Hreistursíur eru grófríðnar körfur sem grípa hreistur þegar sútunarvökva er hellt úr tromlum að lokinni sútun. Búnaðurinn fullnægir varla kröfum til hreinsibúnaðar því hluti hreistursins fer áfram í niðurföll. Þetta er eina hreinsun á fráveituvatni og hvorki króm né súlfíð eru mæld né hreinsuð út sútunarvökvanum.

Bent er á að í BAT niðurstöðum (besta aðgengilega tækni) er lagt til að styrkur króms (Cr) í fráveituvatni sé undir 1 mg/l (mælt sem mánaðarlegt meðalgildi sem byggist á meðaltali dæmigerðra samsettra sólarhringssýna sem tekin eru á mánaðartímabili). Mæla þyrfti magn mengunarefna í frárennsli til þess að átta sig betur á stöðu rekstraraðila gagnvart efnastyrk í fráveitu.

Útfelling á krómi (með hækkun á sýrustigi þ.e. íblöndun basa) í sérstökum búnaði innanhúss eða í fráveitukerfinu er

möguleg ef ástæða er til.

Eins má oxa súlfíða en þá er sýtunarvökvinn loftaður með mangansöltum. BAT leggur til að súlfíð í frárennsli sé undir 1 mg/l.

BAT skýrslan gefur líka upp losunarmörk fyrir COD/BOD, svifagnir og köfnunarefni.

Á nokkrum stöðum er afsog af vinnusvæðum, m.a. þar sem slípun skinna fer fram og eins þar sem meðhöndlun og húðun roða fer fram og þurrkun efnanna. Eina hreinsun á afsogi er pokasía við slípvélina. Pokasía grípur roðflygsur en fínkornaða efnið sleppur líklega mest út í innloftið.

b. Rætt var um hávaða utandyra og hættu á ónæði gagnvart nágrönnum. Engar háværar hljóðuppsprettur eru utandyra og ekki eru á skrá kvartanir vegna hávaða mörg síðustu ár.

c. Efnalager er inni í vinnslurýminu, nálægt þeim stað þar sem notkun efnanna fer fram. Efnun er ágætlega fyrirkomid en vöklar eru án lekabytta. Rætt var um það hvernig koma mætti fyrir lekabyttum og hvernig þær bæta og tryggja betur aðskilnaður sýra, basa og eldfimra efna sem eykur á öryggi hjá rekstraraðila.

Skráning á magni úrgangsefna og spilliefna þarf að batna. Með því að halda ólíkum úrgangefnum aðskildum má auka á endurnýtingu úrgangs, og spara í kostnaði við eyðingu úrgangs. Eins er gott utanumhald um úrgangsefni forsenda þess að hægt sé að uppfylla nýjar kröfur um skil á umhverfisupplýsingum til Umhverfisstofnunar, sjá lög nr. 7/1998, 5. grein, 17. lið

5. Farið var yfir nýja aðferð til það meta tíðni eftirlita hjá rekstraraðilum, þar sem mat á áhættuþáttum skal ráða hversu oft er komið í eftirlit og að athygli opinberra aðila beinist að þeim sem valda mestri áhættu.

6. Rekstraraðila var bent á kosti þess að fyrirtæki setji sér umhverfismarkmið. Með mælanlegum markmiðum þá er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins. Bæklingur Umhverfisstofnunar var til umfjöllunar.

Farið var í skoðun á vinnslusölum

Aðstöðunni hefur verið skipt upp í svæði, sýtun og litun (votrými) er **svæði A**. Hráefni (fiskiroð af þorski og laxi) var í afþýðingu í körum yst í votrýminu. Gegnumstreymi vatns er í körunum. Frosin lager er annars geymdur í frystihúsi KS í bænum. Sýtunartromlur eru þar fyrir innan og efnalager sýtunar þar á móti. Innst í votrýminu eru minni tromlur til litunar á roði og litunarefni þar til hliðar. Nokkuð magn roða sem hafa verið sýtuð og lituð og tilbúin til þurrkunar beið þurrkunar.

Á **svæði B** fer þurrkun fram og fremst aðstaða til að strengja roð á þurrgrindur og þar til hliðar þurrkklafi. Innan við það er aðstaða til slípunar á afurðinni.

Á **svæði C** er frágangur, flokkun og yfirborðsmeðferð. Þar er einnig þurrkofn með afsogi.

Á innsta svæðinu (svæði D) næst skrifstofum og starfsmannaaðstöðu fer þökkun fram og þar er líka aðstaða til geymslu pantana sem bíða þess að vera sendar af stað til kaupenda.

Athugasemdir sem gerðar eru við aðstöðu rekstraraðila hafa verið nefndar hér að framan og snúa að efnalager og lekabyttum (hugsanlega afsogi af efnalager), betri upplýsingar um styrk mengunarefna í frárennsli og meiri upplýsingar um breytingar á afsogi við mengunarsprettur og efnastyrk í útblæstri til samræmis við reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að safna betri upplýsingum um styrk mengunarefna í frárennsli. Sjá BAT niðurstöður fyrir sýtunarverksmiðjur fyrir meiri útfærslu.

2. Rekstraraðila er bent á að safna betri upplýsingum um efnanotkun við yfirborðsmeðhöndlun framleiðslunnar, sérstaklega ef notuð eru rokgjörn lífræn efnasambönd. Meta þörf á afsogi og og mælingum á efnastyrk í útblæstri.

3. Rekstraraðila er bent á að aðskilja efnalager og/eða koma upp lekabyttum til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og slys.

4. Bent er á mikilvægi markmiðasetningar í umhverfismálum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.06.2020


Gottskálk Friðgeirsson